

**BORGARRÁÐ 16. mars 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tungumálakunnáttu strætóbílstjóra - MSS23030118**

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til Strætó að það verði gert að skilyrði að bílstjórar strætó geti bjargað sér á íslensku og skilji málið nógu vel til að leiðbeina farþegum áður en þeir hefji störf sem strætóbílstjórar. Upp hafa komið samskiptavandamál í vögnunum vegna þess að bílstjóri hvorki skilur íslensku né jafnvel ensku. Dæmi eru um að bílstjóri geti með engu móti leiðbeint farþegum sem spyrja hvar best sé að fara úr vagninum til að komast á ákveðinn stað eða annað í þeim dúr. Dæmi eru um að bílstjóri hafi sjálfur verið óöruggur um leiðina sem hann á að aka og að farþegar hafi þurft að leiðbeina honum. Skoða þarf þjónustustig Strætó ofan í kjölinn vegna fjölda ábendinga og kvartana og að hvað miklu leyti farið er eftir þjónustustefnunni.